



Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 11.10.2018

Tilvísun ÞÍ: 2018092604/0.1

Tilvísun sendanda: 77. mál

Efni: Beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga nr. 98/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Vísað er til erindis Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis þann 27. september sl. þar sem óskað er umsagnar Þjóðskrár Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, 77. mál.

Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 9. mgr. 5. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum. Þar er m.a. lagt til að Þjóðskrá Íslands skuli láta Innheimtustofnun sveitarfélaga í té upplýsingar með rafrænum hætti, ef því verður við komið, að því marki sem þær eru nauðsynlegar til að unnt sé að framfylgja lögnum.

Þjóðskrá Íslands gerir athugasemdir við það að ekki er tekið fram hvort að vinnsla gagnanna verði endurgjaldslaus eða ekki. Jafnframt gerir Þjóðskrá Íslands athugasemdir við það að ekki er tekið fram um hvaða upplýsingar er skylt að afhenda og er því óljóst um hvers konar upplýsingar geti verið um að ræða. Eins og ákvæðið er orðað er Innheimtustofnun lítil takmörk sett um aðgang að upplýsingum og getur stofnunin á grundvelli ákvæðins krafist umfangsmikilla gagna og óljóst er um gjaldtöku í þeim efnum.

Að öðru leyti gerir stofnunin ekki frekari athugasemdir við frumvarpið en óskar eftir því að koma að athugasemdum á síðari stigum gerist þess þörf.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Björg Finnbogadóttir
Lögfræðingur